

Mánudaginn 20. aprílmán.

Nr. 42/1884

Eggert Gunnarsson

gegn

Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 23. október f. á., var áfrýjandi þessa máls, kaupstjóri Eggert Gunnarsson, fyrir meiðyrði við hinn stefnda, ritstjóra Jón Ólafsson, dæmdur í 25 kr. sekt til landssjóðs, eða einfalt fangelsi í 7 daga, ef sektinni ekki yrði lokið í ákveðinn tíma, svo og til að greiða hinum stefnda málskostnað með 12 krónum, nema hann treysti sjer til að vinna eið að því, að hann ekki hafi við haft þau meiðandi ummæli, er hinn stefndi átaldi.

Þessum dómi hefur Eggert Gunnarsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 4. nóvbr. f. á., og krafizt, að hann verði dæmdur sýkn af öllum kærum og kröfum Jóns ritstjóra Ólafssonar, en Jón Ólafsson dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði fyrir undir og yfirdómi með 50 kr. eða einkaverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur í málkostnað fyrir yfirdómi.

Mál þetta er risið út af því, að hinn stefndi hefur gefið áfrýjanda að sök, að hann 19. ágústmán. f. á., — sá dagur er tilgreindur í stefnunni til bæjarþingsins, en í sáttakærunni er sagt, að það hafi verið 18. s. m. — hafi við haft við sig þau meiðyrði, er nú skal greina: Að hann væri „ódrengur með tungur

tvær“, sem væri „jafn ljett að ljúga undir 2 votta eins og að ljúga í blöðunum“, að hann „gengi ljúgandi“, „væri djöfulsins verkfæri“ og „eiturtunga“.

Hinn stefndi hefur leitt 3 vitni til sönnunar um þetta; hefur eitt þeirra borið, að það hafi heyrt áfrýjanda viðhafa þau orð við hinn stefnda, að hann væri „djöfulsins verkfæri“ og „eiturtunga“, annað þeirra hefur borið, að það hafi heyrt hann við hafa við stefnda þau orð: „að hann væri ódrengrur með tungur tvær, sem væri jafn ljett að ljúga undir 2 votta eins og í blöðunum“ og „að hann gengi ljúgandi“. Hið þriðja vitnið hefur borið, að það hafi heyrt áfrýjanda við hafa öll hin átöldu orð við hinn stefnda, en þetta vitni hefur ekki verið eidfest. Öll hafa vitnin borið, að hinn stefndi hafi þegar í stað skrifað upp hin átöldu orð, og að Eggert hafi sagt þau rjett skrifuð.

En þrátt fyrir þennan framburð vitnanna er ekki lögfull sönnun komin fram fyrir, að áfrýjandi hafi við haft hin átöldu orð, en líkur eru svo miklar til þess, að rjett er að láta úrslit málsins vera komin undir synjunareiði áfrýjanda, og ber því að dæma áfrýjanda, nema hann með eiði synji fyrir, að hann hafi talað áðurnefnd meidyrði við hinn stefnda, eptir 219. gr. hegningarlaganna í sekt til landssjóðs, sem, eins og í undirdómnum, er ekki hefur verið gagnáfrýjað af hálfu hins stefnda, skal ákveðin 25 kr., eða til eintalds fangelsis í 7 daga sje sektinni ekki lokið í ákveðinn tíma, og ber þannig, með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði bæjarþingsdómsins um ómerkning hinna átöldu orða og um málskostnað, að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Í málskostnað fyrir yfir-

dómi ber áfrýjanda að greiða hinum stefnda 15 kr., nema hann vinni umgetínn synjunareid, en ella falli hann niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Vinni áfrýjandi, Eggert Gunnarsson, ekki eið að því, að hann ekki hafi haft hin átöldu meiðyrði í frammi við hinn stefnda, Jón Ólafsson, skal hann greiða hinum stefnda 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi, en ella skal hann niður falla.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maímán.

Nr. 40/1884

Margrjet Hálfðánardóttir
gegn

Þórarni Hálfðánarsyni og Sig-
ríði Hálfðánardóttur.

Dómur:

Með stefnu, dags. 20. október f. á., hefur Margrjet Hálfðánardóttir á Oddsstöðum í Þingeyjarsýslu áfrýjað til yfirdómsins, að fenginni uppreisn, skiptum á dánarbúi móður sinnar, Hólmfriðar Þórarinsdóttur, sem var lokið af skiptaráðandanum í Norðurmúlasýslu 22. septbr. f. á., og krafizt, að skiptin verði felld úr gildi, og skiptaráðanda boðið að skipta búinu á ný, eptir að hann hefur látið nýja og löglega uppskriftar- og virðingargjörð á því framfara, svo og að gjafa-